

Nd. 283. Frumvarp til laga [121. mál]

um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár rikissjóðs til vinnuheimila.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Frá 1. janúar 1953 skal erfðafjárskattur samkv. lögum nr. 30 frá 27. júní 1921 og arfur samkv. 33. gr. erfðalaganna frá 1949 renna til Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Fé því, sem rennur til Tryggingastofnunarinnar samkv. 1. gr., skal varið til þess að koma upp (vinnustofum og) vinnuhælum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum.

3. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um fyrirkomulag og rekstur vinnuheimila samkv. 2. gr. Með reglugerð getur ráðherra og ákveðið, að fé því, sem er í vörzlu Tryggingastofnunarinnar samkv. 1. gr., megi verja til stofnlána til sveitarfélaga eða ákveðinna félagssamtaka, sem setja á stofn og reka vinnuheimili fyrir öryrkja.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.